



Framkvæmdaráætlun Suðurnesjabæjar á sviði Barnaverndar kjörtímabilið 2018-2022

Framkvæmdaráætlun þessi er gerð með vísan í 9.gr.barnaverndarlaga nr. 80/2002 en þar segir“ Sveitastjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaráætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaráætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send ráðuneytinu og Barnaverndarstofu.“

1. Framkvæmdaráætlun Suðurnesjabæjar

Leiðarljós við gerð framkvæmdaráætlun Suðurnesjabæjar á sviði Barnaverndar er áhersla á ítarlegt samstarf, forvarnir, snemmtæk íhlutun og fyrirbyggjandi aðgerðir. Einnig eru áherslur á að sveitarfélagið setji sér heildstætt og samræmt verklag, vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu fyrir allar stofnanir sem starfa með börnum.

Sú hugmyndafræði sem leggur grunninn að nýrri framkvæmdaráætlun alþingis og býr að baki straumum og stefnum sem nú eru uppi í barnaverndarstarfi á Íslandi á rætur sínar að rekja til nágretta okkar í Svíþjóð og Danmörku. Hérning módelið sem byggt er á sænskum grunni er gagnreynd aðferðarfræði þar sem markmið vinnunnar er að öll börn og ungmenni séu þátttakendur í samfélaginu, að þau nái að vinna með styrkleika sína og að þau hafa rétt til þess að lifa eins eðlilegu lífi og kostur er. Lykilhugtök eru; snemmtæk íhlutun, sterk samvinna, aukin þátttaka nærumhverfis og fjölskyldu, inngripstrappan, aukin eftirfylgni með úrræðum og færri málum á hvern barnaverndarstarfsmann. Félagspjónusta Austurlands hefur verið leiðandi í innleiðingu módelisins á Íslandi og er það þá nefnt Austurlandsmódelið og Hafnarfjörður hefur þróað þjónustu Brúarinnar þar sem svipaðar áherslur eru.

Til grundvallar áætluninni er nýsamþykkt framkvæmdaráætlun barnaverndar á Alþingi sem samþykkt var í júní 2019 ásamt skýrslu vegna úttektar sem unnin var fyrir sveitarfélögin Sandgerði, Garð og Voga og skilað vorið 2018.

2. Þróunarverkefnið „við saman“



Verkefnið er samstarfsverkefni deilda innan Fjölskyldusviðs Suðurnesjabæjar. Félagsþjónustu, fræðsluþjónustu og tómstundarþjónustu.

Markmiðið er að koma að málum barna áður en að vandinn verður meira fjölþættur og úrræðapungur með auknum fjárhagslegum kostnaði fyrir sveitarfélagið. Hugmyndafræðin byggir á því að börn og unglingar hafi kost á því að lifa sem eðlilegustu lífi. Íþyngjandi úrræði eins og vistun utan heimilis er verulegt inngríp í líf barna og hefur varanleg áhrif á tilfinningarlegan og sálrænan þroska barns. Ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga hafa gefið aukið rými og stuðningur óháðari greiningum viðkomandi barns. Góð þjónusta í nærumhverfi barnsins, samvinna aðila á milli og valdeflandi stuðningur eru hér lykilþættir.

Á tímabilinu er stefnt að því að starfsmaður fjölskyldusviðs sinni aukinni viðveru í skólum sveitarfélagsins. Byggi upp teymi sem brúar bilið á milli deilda og þjónustukerfa. Unnið er að málum barnanna í nærumhverfi þeirra þar sem styrkleikar ólíkra fagstétta eru notaðar til þess að bæta og auka málsmeðferð. Unnið verður að samræmningu á vinnubrögðum og vinnslu þvert á málaflokka. Lögð áherslu á valdeflingu í viðþættum skilningi, fyrir einstaklinginn sem um ræðir, fyrir fjölskylduna og fyrir það starfsfólk sem sinnir börnunum.

Gert er ráð fyrir því að á haustmánuðum 2019 fari af stað þróun á verkefninu þar sem málastjórar barnaverndar sinni viðveru í skólum og leikskólum Fjölskyldusviðs að jafnaði 4 tíma á mánuði. Í dag hafa starfsmenn barnaverndar setið nemendaráðsfundi í skólum en með tilkomu sérfræðings í skóla mun það hlutverk færast yfir á hann. Í janúar 2020 er lagt til að aukið verði við viðveru sérfræðing og það fjármagnað í gegnum framkvæmdaráætlunina 2018-2020.

Samspil og samstarf þjónustukerfa er *lykilatriði* í snemmtækri íhlutun og eitt af markmiðum framkvæmdaráætlunar að efla það ennfrekar. Tilkoma nýs Fjölskyldusvið er mikilvægur þáttur í því að þróun eins og þessi verði farsæl og skili árangri. Samstarf við barna og unglingatými HSS, útlendingastofnun og lögregluna eru einnig mikilvæg.

Unnið hefur verið að endurskilgreiningu á störfum sérfræðinga hjá Félagsþjónustu Fjölskyldusviðs Suðurnesjabæjar með það að markmiði að efla enn frekar þjónustu við



íbúa sveitarfélagsins. Í september 2019 mun sérfræðingur sinna málefnum barna í 100% stöðu út frá lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjölskyldumeðferðarfræðingur sinnir ráðgjöf og stuðningi við fjölskyldur í vanda og tekur þátt í þróun úrræða og forvarna. Allir eru þetta mikilvægar forvarnir sem ætlað er að takast á við vandann snemma í ferlinu og fyrirbyggjandi þannig að hann þróist og magnist.

3. Samræmt verklag vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu

Liður í framkvæmdaráætlun Suðurnesjabæjar 2018-2020 er að setja á laggirnar verkefnahóp með það að markmiði að samræma verklag vegna gruns um ofbeldi eða vanrækslu. Hefur Unicef á Íslandi hvatt öll sveitarfélög á Íslandi til þess að setja sér heildstætt og samræmt verklag vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu fyrir allar stofnanir sem vinna með börnum. Þróun slíkra verkferla fellur vel að meginmarkmiðum áætlunarinnar fyrir næstu ár þar sem forvarnir eru hafðar að leiðarljósi. Lögð er áhersla á þróun heildstæðs verklags, fræðslu til starfsfólks sem vinnur með börnum og samvinnu fagstétta á milli. Sveitarfélög leika mikilvægt hlutverk í lífi barna, enda stýra þau stærstum hluta þeirra verkefna sem hafa bein áhrif á daglegt líf þeirra. Í leikskólum og skólum, frístundum og íþróttum eyða öll börn löngum stundum. Of algengt er að verklag vegna gruns um að barn verði fyrir ofbeldi eða vanrækslu (tilkynningarskyldan) sé ekki skýrt eða samræmt milli stofnana. Starfsfólk sem vinnur með börnum er oft ekki nægilega upplýst um lagalega skyldu sína til að láta barnið ævinlega njóta vafans ef grunur vaknar. Stofnaður verður verkefnahópur sem samanstendur af fulltrúum fræðslumála, barnaverndarmála sem og íþróttu og tómstundarmála til að vinna að samræmdu verklagi og fræðslu því tengdu.

4. Eftirfylgni og innleiðing breytinga

Til þess að tryggj sé að þær breytingar sem lagt er upp með verði að veruleika er mikilvægt að skipaður verði stýrihópur úr hópi samstarfsaðila sem falið er að sinna eftirfylgni með markmiðun framkvæmdaráætlunar á því tímabili sem hún er í gildi.